

Nr. 068 / 14 Duus.is**Vélarbilun og strandar í Keflavík**

Skipaskr.nr. 7772
Smíðaður: Pólland 2009, plast
Stærð: 6,42 bt.
Mesta lengd: 8,94 m Skráð lengd: 8,11 m
Breidd: 3,15 m Dýpt: 0,93 m
Vél: Mercury 330 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 2
Farþegar: 0



Duus.is©NN

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júlí 2014 var farþegabáturinn Duus.is (Rib-safari) á siglingu inn í smábátahöfnina í Keflavík. Veður: Brl. 3-4 m/s. Lofthiti 13-14°C.

Við komuna misstu bátsverjar stjórn á bátnum, köstuðust af honum og lentu í sjónum. Báturinn sigldi stjórnlaust á grjóttgarð innan hafnarinnar og skemmdist talsvert. Skrokkurinn reyndist illa rifinn, önnur vélin brotnaði og tjón á annarri skrufunni.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn bátsverja höfðu vélar bátsins (2x250 hö) verið í ólagi um tíma og nýlega verið í viðgerð. Um var að ræða reynslusiglingu en í henni reyndist gangur vélanna mjög óreglulegur og sveiflast á milli 1300 – 4800 snúninga hraða. Þegar þeir hefðu komið inn í höfnina hefði stjórnandinn verið með fulla inngjöf en snúningurinn á vélunum aðeins verið um 1300 en skyndilega farið á fullan snúning með þeim afleiðingum að allt fór úrskeiðis og misstu þeir stjórn á bátnum;
- að eftir atvikið var skipt um pressur í vélunum og reyndust þær lagast við það;
- að bátsverjarnir voru í flotbjörgunarbúningum og með björgunarvesti;
- að báturinn var ekki með haffærisskírteini.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.